

Fréttabréf Húnavatnshrepps

1.tbl.2009

Íbúar Húnavatnshreppi.

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs og gæfuríks árs með þökk fyrir samskiptin á liðnu ári.

Fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árið 2009 var afgreidd frá hreppsnefnd þriðjudaginn 20. janúar 2009. Hér koma fram ýmsar upplýsingar úr samþykktri fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2009.

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað í efnahagslífi þjóðarinnar. Hrun íslenska efnahagskerfisins gerir það að verkum að sveitarfélögin búa við gjörbreyttan veruleika í rekstarumhverfi sínu.

Verðbólga hefur farið vaxandi, gengi gjaldmiðilsins hefur hrunið, atvinnuleysi hefur stórukist. Þetta hefur í för með sér að margháttaðar forsendur í rekstri sveitarfélaganna hafa breyst. Tekjur koma til með að dragast saman en rekstrarkostnaður fer aftur á móti vaxandi vegna verðlagsbreytinga.

Við núverandi aðstæður er ljóst að vinna við gerð fjárhagsáætlunar er mun erfiðari en áður. Sérstaklega vegna mikillar óvissu um ýmsa þætti hennar, því er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlunin verði endurskoðuð snemma á árinu 2009.

Tekjur:

Staðgreiðsla: Við álagningu útsvars er gert ráð fyrir hámarks álagningu 13.28% í stað 13.03% hámarksálagningar árið 2008. Í áætlun er gert ráð fyrir að útsvarsstofn verði svipaður og árið áður.

Fasteignagjöld: Reiknað er með að fasteignamat í Húnavatnshreppi hækki um 5% milli ára og í áætlun er gert ráð fyrir sömu hækkun. Gjaldskrá sorphirðugjalda var hækkuð um 25% milli ára og gert er ráð fyrir þeirri hækkun í lið 08 í fjárhagsáætlun.

Framlög úr Jöfnunarsjóði: Framlög taka mið af því efnahagsástandi sem er í þjóðfélaginu. Gert er ráð fyrir að þau lækki í heild um 10% milli ára. Þó er gert ráð fyrir að aukaframlag Jöfnunarsjóðs lækki um 27% þar sem ákveðið hefur verið að aukaframlagið lækki í heil úr 1,4 milljarði í 1 milljarð.

Árið 2008 fékk Húnavatnshreppur 4.7 millj í tekjujöfnunarframlag, sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun þess árs. Ekki er gert ráð fyrir tekjujöfnunarframlagi nú. Með tilliti til þessa eru áætluð framlög Jöfnunarsjóðs árið 2009, 83.4% af raunframlögum síðasta árs.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur A og B hluta sveitarsjóðs verði 315,2 mkr. Áætlað er að tekjur skiptist þannig að skatttekjur verði 146.5 mkr, aðrar tekjur 39,4 mkr, þar af eru tekjur eignasjóðs um 38,1 mkr og framlag úr Jöfnunarsjóði 129,3 mkr.

Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð 317,1 mkr og fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 4,4 mkr. Rekstur samstæðunnar er því jákvæður um 2,5 mkr.

Gjöld:

Áætlað er að greiðslur vegna launa og launatengdra gjalda hækki um 5% milli ára. Breytingar eru mjög mismunandi milli deilda og áætlað er sérstaklega fyrir launaliðum þar sem ætla má að dragi úr starfsemi eða hún aukist. Laun og launatengd gjöld eru alls áætluð um 126 m. kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld nefnda um 7,6 m.kr og eru þau nánast óbreytt frá fyrra ári.

Flokkun útgjalda: (útgjöld málaflokka að frádregnum tekjum þeirra)

Af einstökum málaflokkum eru mest útgjöld til fræðslu- og uppeldismála, en þar er gert ráð fyrir netto útgjöldum að upphæð 174,4 mkr. Þar af er áætlaður rekstrarkostnaður leikskóla um 19 mkr, tónlistarskóla 12,2 mkr og grunnskóla 134,7 mkr. Undir liðinn fræðslumál eru færðir áætlaðir námsstyrkir, að upphæð 5,3 mkr, til framhaldsskólanema með lögheimili í Húnavatnshreppi. Námsstyrkir eru 55 þúsund kr. á nemanda á hverja önn og eru þeir greiddir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til 24 ára aldurs.

Sveitarfélagið hefur kostað rekstur skólamötuneytis, en hráefniskostnaður hefur verið innheimtur hjá foreldrum nemenda. Áætla má að þessi kostnaður gæti numið um 56 þúsund kr. á hvern nemanda árið 2009.

Til að létta undir með foreldrum á þessum erfiðleikatímum þá hefur hreppsnefnd samþykkt að sveitarfélagið greiði einnig hráefniskostnað nemenda árið 2009. Hér er bæði átt við nemendur grunnskóla og leikskóla. Reiknað er með að kostnaður sveitarfélagsins vegna þessa verði um 4 m.kr. á árinu 2009.

Einnig er rétt að geta þess að hreppsnefnd hefur samþykkt að ekki verði innheimt leikskólalgjöld árið 2009. Leikskólinn Vallaból er því algjörlega gjaldfrír þetta árið.

Til félagsþjónustunnar er áætlað að fari 16,8 mkr, til heilbrigðismála 1,9 mkr, til menningarmála 14,9 mkr. Til æskulýðs- og íþróttamála 6,0 mkr, til sorphirðu og sorpeyðingar 13,5 mkr, til brunamála og almannavarna 6,3 mkr, til umhverfismála 4,6 mkr, til yfirstjórnar og ýmissa sameiginlegra liða 27,7 mkr, til atvinnumála 10,3 mkr, til skipulags- og byggingarmála 3,6 mkr, til umferðar- og samgöngumála 1.7 mkr.

Framkvæmdir:

Áætlað er að framkvæmdir verði við lóð leikskóla, viðhald á húsnaði Húnavallaskóla, við rotþrær, tjaldstæði, að lagt verði stofnfé í félag um byggingu leiguíbúða, stofnframlag við stækkun fjölbrautarskóla N-vesturlands á Sauðárkróki og hlutafjárkaup í Hveravallafélaginu. Samtals er áætlað að fjárfestingar verði um 32 m. kr.

Netto lántökur eru áætlaðar 8,7 m.kr. og fjármögnun af eigin fé 23 m.kr.

Afsláttur af Fasteignaskatti.

Eldri reglur Húnavatnshrepps um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega gerðu ráð fyrir föstum afslætti óháð tekjum þeirra sem afslátt fengu.

Í bréfi frá Samgönguráðuneytinu þann 7. janúar s.l. kemur fram að sveitarfélögum sé óheimilt að beita 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1998 um tekjustofna sveitarfélaga með þeim hætti að veita einungis fastan afslátt af fasteignasköttum. Í ákvæðinu kæmi skýrt fram að afsláttarheimildin ætti einungis við um tekjulitla einstaklinga. Því væri óheimilt að veita afslátt án þess að tekið væri tillit til tekna þeirra sem hans eiga að njóta.

Í ljósi þessa þá samþykkti hreppsnefnd Húnavatnshrepps á fundi sínum þann 20 janúar s.l. eftirfarandi reglur um afslátt af fasteignaskatti í Húnavatnshreppi:

Reglur um afslátt af fasteignaskatti í Húnavatnshreppi

1.gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Húnavatnshreppi er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- a) Ellilífeyrisþegar 67 ára á álagningarárinu eða eldri, eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- b) Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c) Viðkomandi búi í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi aðili á öldrunarstofnun og að íbúð í eigu hans sé ekki leigð út eða nýtt af skyldmendum.
- d) Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3.gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttar vélrænt á vef Ríkisskattstjóra í gegnum álagningarkerfi Fasteingaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

4.gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 65.000.- Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5.gr.

Fullur afsláttur kr. 65.000,-

Einstaklingar með tekjur allt að kr. 2.203.929,-
Hjón/sambýlisfólk með tekjur allt að kr. 3.081.092,-

80% af fullum afslætti kr. 52.000,-

Einstaklingar með tekjur á bilinu kr. 2.203.929,- til kr. 2.530.110,-
Hjón/sambýlisfólk með tekjur á bilinu kr. 3.081.092,- til kr. 3.537.095,-

50% af fullum afslætti kr. 32.500,-

Einstaklingar með tekjur á bilinu kr. 2.530.110,- til kr. 3.058.902,-
Hjón/sambýlisfólk með tekjur á bilinu kr. 3.537.095,- til kr. 4.219.755,-

6. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps þann 20. janúar 2009.

Jens P Jensen, sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

Skipulagsmál.

Yngvi Þór Loftsson skipulagsfræðingur hjá Landmótun og Ragnhildur Helga Jónsdóttir umhverfisfræðingur á landsskrifstofu Staðardagskrár 21, mættu á fund hreppsnefndar þann 3. febrúar s.l. Þau hafa unnið með hreppsnefnd að aðskipulagsgerð fyrir sveitarfélagið. Á fundinum var farið yfir ýmsa þætti í drögum að greinargerð við aðalskipulagið og þá málaflokka sem staðardagskrárnefnd hefur fjallað sérstaklega um.

Yngva var falið að vinna tillögur að skipulagi íbúða-, smábýla-, og frístundabyggðar við Húnavelli. Fundurinn var einnig til undirbúnings fyrir íbúafund sem áætlað er að halda á Húnavöllum um miðjan mars n.k. Þar er ætlunin að kynna drög að aðalskipulagstillögu fyrir sveitarfélagið, ásamt því að kynna vinnuna við Staðardagskrá 21. Fundartími verður auglýstur síðar.

Fjallskiladeild Auðkúluheiðar, fundarboð.

Árlegur fundur í fjallskiladeild Auðkúluheiðar verður haldinn í Dalsmynni næstkomandi þriðjudagskvöld 17. febrúar kl. 20.30.

Á dagskrá verður fyrirkomulag fjallskilamála á félagssvæðinu.

Uppgjör ársins 2008.

Stefnumörkun 2009.

Kaffiveitingar verða á fundinum.

Rúlluplast.

Ætlunin er að söfnun á rúlluplasti fari fram 17. febrúar n.k. Þeir bændur sem óska eftir því að nýta sér þessa þjónustu vinsamlega tilkynni það til skrifstofu Húnavatnshrepps í síma 452 4660 fyrir þriðjudaginn 17. febrúar n.k.

Mikilvægt er að skila rúlluplasti til endurvinnslu og fara eftir leiðbeiningum um frágang þess.

Skrifstofa Húnavatnshrepps.

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin hunavatnshreppur@emax.is jens@emax.is veffang www.hunavatnshreppur.is

Húnavöllum 10. febrúar 2009.

Sveitarstjóri Húnavatnshrepps